

Reykjavík, 08.12.2021

Efni: Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2022, 1. mál og tillaga til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2022-2026, 2. mál.

Arkitektafélag Íslands vill með umsögn þessari vekja athygli á mikilvægum atriðum fjárlaga-frumvarpsins sem varða úrræði til aukningar framleiðslugetu og uppbyggingu húsnaðis og mannvirkja á Íslandi til framtíðar.

Rammagrein 4 – Fjárfesting hins opinbera eykur framleiðslugetu

Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu við íbúðarhúsnaði hefur átt verulegan þátt í því að framboð hefur verið á verkefnum fyrir arkitekta í gegnum efnahagssamdrátt síðustu missera. Úrræðið hefur þar að auki leitt til þess að uppbyggingu og viðhaldi húsnaðis hefur verið betur sinnt en áður. Mælir Al Eindregið með því að úrræðinu verði fram haldið a.m.k. eitt ár til viðbótar.

07.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum

Markmið 1: Fjármögnun rannsókna og nýsköpunar styðji við gæði, árangur og verðmætasköpun.

Al fagnar því að gæði eru eitt af megin markmiðum sem ætlað er að ná með fjármögnun rannsókna og nýsköpunar en einungis með því að krefjast gæða getur verðmætasköpun átt sér stað.

Það eru aftur á móti gríðarleg vonbrigði, ef rétt er skilinn liður c undir “Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins”, að fjárheimild málaflokksins í heild sinni hækki um 100 m.kr. af því að fé sem veitt var í Ask mannvirkjarannsóknasjóð eigi nú að renna saman við samkeppnissjóði Rannís eða eins og segir í orðrétt í lið c: “Fjárheimild málaflokksins hækkar um 100 m.kr. vegna tímabundins framlags til samkeppnissjóðs um byggingar- og mannvirkjarannsóknir sem gengur til baka.”.

Askur mannvirkjarannsóknarsjóður er lykilþáttur í að efla rannsóknir á þessu sviði og mikilvægt að honum sé tryggt fjármagn svo unnt sé að stuðla að markvissari rannsóknum og nýsköpun á sviði mannvirkjagerðar til framtíðar. Áskoranir byggingar- og mannvirkjagerðar eru miklar á komandi árum, ekki síst þegar kemur að loftslagsmálum. Skortur á rannsóknum stendur í vegi fyrir hraðari uppbyggingu á vistvænu húsnaði sem og skortur á rannsóknum á vistvænu byggingarefni og byggingaraðferðum fyrir íslenskar aðstæður.

Virðingarfyllst,

Sigríður Maack
formaður Arkitektafélags Íslands.